

Nd.

776. Frumvarp til laga

[313. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Lárus Jónsson, Matthías Bjarnason, Ólafur G. Einarsson, Pálmi Jónsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málslið fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 80 frá 1938 komi nýr málsliður: Skytt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarféлага með 300 félagsmenn eða fleiri til stjórnar og trúnaðarstarfa, við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka, ef 1/5 hluti félagsmanna krefst þess. Við kjör stjórna á landsambandsþingum og á þingum heildarsamtaka skal viðhafa hlutfallskosningu.

2. gr.

Löð þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú lýðræðiskrafa hefur lengi verið uppi, að hlutfallskosningar verði teknar upp í stéttarfélögum. Hafa frumvörp í þá átt verið borin fram á Alþingi. Nú nýlega hefur þessi krafa verið ítrekuð. Á fundi verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var að Hellu á Rangárvöllum 14. og 15. október 1978, var gerð eftirfarandi samþykkt: „Ráðstefnan felur stjórn verkalýðsráðs að hefja nú þegar undirbúning að gerð lagafrumvarps um hlutfallskosningar við stjórnar- og fulltrúakjör í launþegasamtökunum. Stóraukið vald samtaka þessara og beiting þess á sviði efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar gerir þá kröfu til Alþingis, að það setji slík lög. Slík löggjöf mun draga úr hættu á því, að valdi samtakanna sé misbeitt í pólitískum tilgangi, og tryggja eftirlit og gagnrýni lýðræðislega kjörins minni hluta.“

Á fundinum var samþykkt að óska eftir því við þingflokk Sjálfstæðisflokksins að taka mál þetta til flutnings á Alþingi. Nokkru síðar var haldinn sameiginlegur fundur verkalýðsráðs og þingflokks um þetta mál og önnur, sem rædd voru á Hellufundinum.

Í febrúar 1979 sendi þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá sér ítarlega stefnuýfirlýsingu um efnahagsmál o. fl. og ber hún heitið „Endurreisn í anda frjálsbyggju“. Í áttunda kafla þessarar stefnuýfirlýsingar er fjallað um kjaramál og skyld atriði. Þar er því lýst yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn skuli stuðla að því „að koma á hlutfallskosningum í stéttarfélögum“.

Með þessu frv. er lagt til, að innan stéttarféлага með 300 félagsmenn eða fleiri geti fimmti hluti félagsmanna krafist þess, að hlutfallskosning sé viðhöfð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa og við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka. Á þingum slíkra heildarsamtaka skal kjósa stjórnir með hlutfallskosningu.

Hlutfallskosningar er einn þáttur lýðræðis. Þær miða að því að tryggja rétt minni hluta. Hér á landi er hlutfallsfyrirkomulagið viðhaft við kosningar til Alþingis og til sveitarstjórna, en einnig til dæmis við kosningar til Búnaðarþings.